UMBOÐSMAÐUR BARNA

Heilbrigðisráðherra
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2026

Efni: Aðgangur barna að mótefnagjöf gegn RS-veiru.

Umboðsmanni barna hefur borist ábending varðandi aðgang barna sem fædd eru í apríl 2026 að mótefnagjöf gegn RS-veiru. Af því tilefni óskar embættið eftir upplýsingum um forsendur þeirra viðmiða sem gilda um mótefnagjöf fyrir veturinn 2026–2027.

Umboðsmaður barna fagnar því að áframhaldandi fjármögnun forvarna gegn RS-veiru hafi verið tryggð og þeim góða árangri sem greint hefur verið frá við að draga úr sýkingum og sjúkrahúsinnlögnum ungra barna.

Samkvæmt upplýsingum sóttvarnalæknis frá 20. október 2026 er við almenna mótefnagjöf gegn RS-veiru fyrir veturinn 2026–2027 miðað við börn fædd frá 1. maí 2026. Börn fædd í apríl falla því almennt utan þess hóps. Sérstök viðmið gilda um börn í áhættuhópum.

Í sömu umfjöllun kemur fram að aldursmörkin endurspegli forgangsröðun við upphaf verkefnisins. Þótt áhættan á alvarlegum veikindum minnki almennt með hækkandi aldri séu engin skörp líffræðileg skil á milli barna fæddra í lok eins mánaðar og byrjun þess næsta.

Í 24. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, er kveðið á um rétt barna til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja. Þar er jafnframt lögð áhersla á að tryggja öllum börnum aðgang að heilbrigðisþjónustu. Þá ber að gæta jafnræðis samkvæmt 2. gr. sáttmálans og láta það sem börnum er fyrir bestu hafa forgang við ákvarðanir sem varða þau, sbr. 3. gr. hans.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er óskað eftir að heilbrigðisráðherra veiti, eftir atvikum með atbeina sóttvarnalæknis, svör við eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða forsendur liggja að baki því að börnum fæddum í apríl sé almennt ekki boðin mótefnagjöf við RS-veiru fyrir veturinn 2026-2027?
2. Hvernig hefur þörf barna fæddra í apríl 2026 fyrir mótefnagjöf verið metin?
3. Er hægt að meta sérstaklega þörf barns sem fætt er í apríl 2026 og fellur utan almennra viðmiða? Ef svo er, hvert geta foreldrar leitað?

Í ljósi þess að RS-tímabilið er hafið er þess óskað að svar berist eigi síðar en 19. nóvember nk.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

Samrit: Sóttvarnalæknir.